

Samþykktir Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands -

Greinargerð um breytingatillögur stjórnar

Stjórn Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands ákvað á fundi sínum, dags. 27. mars 2025, að gera breytingar á samþykktum sjóðsins. Breytingatillögurnar er að finna hér að neðan þar sem þær eru sérstaklega auðkenndar. Tillögurnar eru til komnar vegna athugasemda Innri endurskoðunar sjóðsins.

Breytingar á samþykktum sjóðsins:

Grein 11.6.

Örorkuna skal meta eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti eða oftari ef óskir þess efnis liggja fyrir af hálfu sjóðstjórnar eða af hálfu örorkulífeyrisþegans. Ekki er skylt að fara fram á endurmat sé örorka metin varanleg. Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfsskaparvita frá því sem hún var metin við fyrri ákvarðanir.

Skýring

Í grein 11.6 kemur fram að örorkumat skuli fara fram eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti eða oftari ef óskir þess efnis liggja fyrir af hálfu stjórnar sjóðsins eða af hálfu örorkulífeyrisþega. Samkvæmt verklagi hjá sjóðnum hefur ekki verið farið fram á endurmat ef trúnaðarlæknir hefur metið örorku varanlega. Í öðrum tilvikum er miðað við dagsetningu endurmats samkvæmt úrskurði trúnaðarlæknis. Til að samræma samþykktir við verklag og til að draga úr rekstrar- og hlítingaráhætta er lögð til sú breyting á samþykktum að fara ekki fram á endurmat í þeim tilvikum þegar örorka hefur verið metin varanleg.

Grein 10.1.

10.1. Mánaðarlegur ellilífeyrir er greiddur frá 70 ára aldri til æviloka. Hafi sjóðfélagi valið leið II, III eða IV sbr. grein 8.2 hefjast greiðslur úr sameign síðar sbr. grein 8.2. þó ekki fyrr en greiðslum úr bundinni séreign lýkur. Réttindaöflun ræðst af innborguðu iðgjaldi, aldri sjóðfélaga við greiðslu iðgjalds og upphafi lífeyrisgreiðslna sbr. meðfylgjandi réttindatöflur.

Skýring:

Í grein 10. kemur fram að hafi sjóðfélagi valið leið II-IV (sbr.gr. 8.2) hefjast greiðslur úr samtryggingu þó ekki fyrr en greiðslum úr bundinni séreign lýkur. Í úttekt Innri endurskoðunar kom í ljós að einn sjóðfélagi sem uppfyllti aldurviðmið um greiðslu sameignar viðkomandi brauta fékk bæði greiðslur úr sameign og bundinni séreign sem stangast á við 10. grein samþykpta sjóðsins. Fyrir liggur tiltekin rekstrar- og orðsporsáhætta ef ekki er skýrt hvernig útgreiðslum úr sameign skuli háttað fyrir leiðir II-IV. Þá er ekki samræmi á milli verklags og samþykpta sjóðsins. Ekki verður séð að það raski hagsmunum sjóðsins eða einstakra sjóðfélaga að heimila úttekt úr sameign þótt sjóðfélagi eigi enn inneign í bundinni séreign.